

Sumar í brennidepli

Sumarið er tíminn ...

Sumar bækur gleymast á meðan aðrar bækur koma á óvart, en sumum bókum er bara ekki veitt athygli.

Á þessum árstíma leita margir í að lesa annars konar bækur en að vetri til, oft eitthvað meira léttmeti sem hægt er að taka með sér í fríið eða til lesa þegar rigningin ræður ríkjum. Fólk sem er í námi eða krefjandi vinnu hefur ekki alltaf tóm til að lesa á veturna og nýtur þess því frekar yfir sumartímann.

En stundum er erfitt að finna lesefni. Því ekki að láta slag standa og taka bækur sem tengjast sumrinu? Sögur með einhvers konar tilvísun í sumar eða þær sem gerast að sumri er sá flokkur sem nú er í brennidepli - og það að gefnu tilefni, því nú er komið sumar - samkvæmt íslensku dagatali.

Bækurnar eru úr ýmsum áttum og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi; skáldsögur, glæpasögur, ástarsögur, ævisögur, ferðasögur og ljóð.

Njótum þess að lesa í sumar, jafnvel eitthvað annað en við erum vön!

Góðar stundir.

Sumar - í Stóru orðabókinni um íslenska málnotkun:

sumar no hvk

það líður að sumri

sumarið er í nánd

sumarið er framundan

sumarið kemur/er komið

sumarið gengur/er gengið í garð

sumarið heilsar með <sólskini og blíðu>

sumarið er í algleymingi

það líður/er liðið á sumarið

sumri hallar/er tekið að halla

<ég var heima> (þá) um sumarið

<við sáumst síðast> í sumar sem leið

<við sáumst síðast> í fyrrasumar

<sláttur hófst ekki fyrr en> á miðju sumri

<sláttur hófst ekki fyrr en> um mitt sumar

<hér er hvað fegurst> snemma sumars

<hér er hvað fegurst> síðla sumars

<heyskap var lokið> að áliðnu sumri

það er (orðið) áliðið sumars

það er <skammt; langt> liðið á sumar/sumarið

<hingað er aðeins fært> að sumri

<hingað er aðeins fært> að sumri til

<ég ætla að koma aftur> í sumar

<ég var hérna síðast> í sumar

<veðrið hefur verið gott> í allt sumar

<hér er alltaf margt fólk> á sumrin

<hér er stundum snjór> (alveg) fram á sumar

<vegurinn er stundum ófær> fram eftir sumri

sumarið er liðið

sumarið er á enda

sumarið er að baki

<ég kem hingað aftur> næsta sumar

<ég kem hingað aftur> að sumri

<við fórum þangað aftur> (um) sumarið eftir

<mótið verður haldið> á sumri komanda

<hlýtt; kalt; gott, yndislegt; leiðinlegt, leiðinda-> sumar

(þetta var) <gott> <heyskapar-, berja-> -sumar

sumar og vetur

sól og sumar

sumar-

1

sumar-koma	sumar-byrjun	sumar-lok
sumar-dagur	sumar-kvöld	sumar-nótt
sumar-auki	sumar-mál	sumar-mánuður
sumar-misseri	sumar-partur	sumar-tími

sumar-stund sumar-sólstöður sumar-sólhvörf
sumar-tungl sumar-langur sumar-staðinn
sumar-sæla sumar-gleði sumar-fagnaður
sumar-hátíð sumar-gjöf

2

sumar-veður sumar-veðráttá sumar-blíða
sumar-hiti sumar-ylur sumar-loft
sumar-himinn sumar-sól sumar-ljómi
sumar-blámi sumar-vindur sumar-gola

3

sumar-bjartur sumar-fagur sumar-fríður
sumar-blíður sumar-glaður sumar-blár
sumar-grænn sumar-legur

4

sumar-blóm sumar-blómi sumar-gróði
sumar-gróinn sumar-hagi sumar-gróður
sumar-beit sumar-ganga sumar-hold
sumar-nyt sumar-bæra

5

sumar-blær sumar-litur sumar-skrúð
sumar-skraut sumar-búningur sumar-gervi
sumar-feldur sumar-fatnaður sumar-föt
sumar-klæði sumar-buxur sumar-jakki
sumar-kápa sumar-kjóll sumar-skór
sumar-tíska

6

sumar-hús sumar-bústaður sumar-höll
sumar-gistihús sumar-hótel sumar-búðir

sumar-frí sumar-leyfi sumar-ferð
sumar-ferðalag sumar-dvöl sumar-vist
sumar-námskeið

7

sumar-vinna sumar-atvinna sumar-starf
sumar-afleysingar sumar-vertíð sumar-veiði
sumar-róður sumar-afli

-sumar

1

sólar-sumar sólskins-sumar hlýinda-sumar
hita-sumar kulda-sumar þurrka-sumar
óþurrka-sumar rigninga(r)-sumar vætu-sumar
rosa-sumar gras-sumar grasleysis-sumar
síldar-sumar aflaleysis-sumar hafís-sumar

2

fýrra-sumar hitteðfýrra-sumar há-sumar
mið-sumar síð-sumar

Stafsetningarorðabókin

sumar -ið hk. sumars; sumur

sumurinn voru hlý; á sumrin; sumar-blíða; sumar-sól

Textaleit

[sumar - Stafsetningarorðabókin](#)

sumar -ið hk. **sumars**; **sumur** **sumurinn** voru hlý; á **sumrin**; **sumar**-blíða; **sumar**-sól. .

[sumar no hvk - Stóra orðabókin um íslenska málnotkun](#)

... það líður að **sumri**, **sumarið** er í nánd, **sumarið** er framundan. ... **sumarið** gengur/er gengið í garð, **sumarið** heilsar með <sólskini og blíðu>.

[sumar no hvk - Stóra orðabókin um íslenska málnotkun](#)

sumar-fríður, **sumar**-blíður, **sumar**-glaður, **sumar**-blár, **sumar**-grænn, **sumar**-legur, **sumar**-blóm, **sumar**-blómi, **sumar**-gróði, **sumar**-gróinn.

[sumar no \(lykill\) - Stóra orðabókin um íslenska málnotkun](#)

... óska <honum, henni> gleðilegs **sumars**, ... það er áliðið **sumars**, ... <hér er stundum snjór> fram á **sumar**.

[sumar - Íslensk orðabók](#)

sumar, **sumars**, **sumur** (þgf. et. **sumri**) hk. 1. misseri, hálf t. ár, sex mánuðir, hefst á sumardaginn fyrsta. 2. hin hlýrri af aðalárstíðunum tveim utan hitabeltisins (stundum talið frá sumarsólstöðum til haustjafndægurs).

[sumra - Íslensk orðabók](#)

sumra. -aði s. óp. Það sumrar, það kemur **sumar**(tíð), það vor sumraði seint.

[sumra - Stafsetningarorðabókin](#)

sumra so. sumraði, sumrað það sumrar.

[sumur - Stafsetningarorðabókin](#)

sumur fn. sum; sumt að sumu leyti; allt og sumt; sumir komu seint.

[sumra so - Stóra orðabókin um íslenska málnotkun](#)

sumra so. það sumrar/er farið að **sumra**, það sumraði óvenjulega seint í ár. (snara.is)